

Djúpavogshreppur  
Bakki 1  
765 Djúpivogur

Selfoss, 27. nóvember 2018  
Tilvísun: 1712423

## Efni: Beiðni um umsögn vegna eldis á allt að 20.800 tonna framleiðslu Fiskeldis Austfjarða á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis frá Fiskeldi Austfjarða í Beru- og Fáskrúðsfirði. Fiskeldi Austfjarða er í dag með 8.000 tonna rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á laxi og regnbogasilungi í Berufirði sem gefið var út af Fiskistofu árið 2011. Fyrirtækið er einnig með 3.000 tonna rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á regnbogasilungi í Fáskrúðsfirði sem gefið var út af Fiskistofu árið 2013. Fiskeldi Austfjarða hefur sótt um aukna framleiðsluheimild í Beru- og Fáskrúðsfirði og áætla að ala 9.800 tonn af laxi í Berufirði og 11.000 tonn í Fáskrúðsfirði. Laxar fiskeldi áætla einnig að framleiða 4.000 tonn af laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði. Framleiðsla og hámarkslífmassi Fiskeldis Austfjarða í Berufirði er innan þess burðarþolsmats sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið út fyrir fjörðinn en samkvæmt áhættumati stofnunarinnar er gert ráð fyrir 6.000 tonnum af frjóum laxi í firðinum. Sameiginleg framleiðsla og hámarkslífmassi Fiskeldis Austfjarða og Laxa fiskeldis í Fáskrúðsfirði yrði 15.000 tonn af laxi á ári og samræmist því 15.000 tonna burðarþolsmati fjarðarins. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar er sameinginlegt fyrir Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð og er 15.000 tonn.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Djúpavogshreppar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum og tenglar á matsskýrslu fyrirtækisins ásamt viðbótargreinargerð og álit Skipulagsstofnunar fylgir umsagnarbeiðninni (í tölvupósti).

Óskað er eftir því að umsögn verði send til Matvælastofnunar **fyrir 18. desember 2018** og einnig á tölvupóstfang: [erna.oskarsdottir@mast.is](mailto:erna.oskarsdottir@mast.is). Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar



Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis